

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



ÁRSSKÝRSLA Á AÐALFUNDI
12. NÓVEMBER 2021

YFIRLIT YFIR STARFSEMI SSH 2014-2021

Efnisyfirlit

Formáli	2
SSH	4
45 ár – þrískipt tilvera	5
Stjórn, fulltrúaráð, starfsfólk	6
Rekstur SSH	7
Fjölbreytt verkefnaflóra - samantekt	9
Skipulag og samgöngur	9
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins.....	9
Rekstur byggðasamlaga og skíðasvæða	9
Ferðaþjónusta fatlaðs fólks	10
Þverfaglegt samstarf: Samstarfshópar og nefndir.....	10
Framvinda frá 2014 – 2021	10
Skipulag, samgöngur og húsnaðismál	10
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024	14
Byggðasamlögin	17
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	19
Ferðaþjónusta fatlaðs fólks	21
Kynningarfundir fyrir kjörna fulltrúa, þingmenn og starfsfólk	23
Samstarfs- og verkefnahópar	25

Formáli

Ársskýrslu þessari, sem er lögð fram á aðalfundi SSH hinn 12. nóvember 2021, er ætlað að gefa yfirsýn yfir meginþætti í starfi samtakanna á liðnu starfsári, en að auki er dregið saman yfirlit yfir helstu verkefni sem hafa verið á borði stjórnar samtakanna allt frá árinu 2014. Skýrslan er því sett fram með það að markmiði að horft sé á samhengi þeirra verkefna sem í gangi hafa verið á undanförunum árum um leið og fjallað er um verkefni ársins 2020 - 21 og framgang þeirra til þess tíma er aðalfundurinn er haldinn. Skýrslan er því hugsuð sem „lifandi“ skjal á hverjum tíma.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru pólitískur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna sjö sem starfa innan samtakanna. Sem slík hafa samtökin þjónað sem nauðsynlegur vettvangur til umfjöllunar um mikilvæg samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sameiginleg verndun neysluvatns íbúa svæðisins, almenningssamgöngur og samgöngumál innan svæðisins, sameiginleg meðhöndlun og förgun úrgangs, ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk og framkvæmdir á skíðasvæðunum eru dæmi um verkefni sem sveitarfélögin hafa tekist á við sameiginlega á undanförunum árum. Þessi verkefni hafa kallað á samráð og sameiginlegar ákvarðanir á vettvangi SSH. Þá hafa fulltrúar SSH, aðallega formaður og framkvæmdastjóri, sótt fjölmarga fundi með ýmsum aðilum, s.s. ráðherrum, þingmönnum, starfsfólki ráðuneyta og annarra stofnana svo og fulltrúum annarra landhlutasamtaka.

Á árunum 2020 og 2021 voru haldnir 23 svokallaðir örfundir á vettvangi SSH. Á þeim eru tekin fyrir málefni líðandi stunda og þau verkefni sem SSH vinnur að á hverjum tíma. Mikil ánægja mælist meðal kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu með þessa fundi en þeim er ætlað að stofna til virks samtals um verkefni og þau málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Þá var þingmönnum höfuðborgarsvæðisins boðið til einhverra þessara funda og skilaði það góðum árangri.

Ljóst er að heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á störf stjórnar SSH á árinu 2020. Vettvangurinn reyndist vel til að fara yfir og samræma viðbrögð við áhrif af völdum faraldursins. Alls fundaði stjórn SSH 39 sinnum á árinu 2020, m.a. til þess að samræma viðbrögð sveitarfélaganna við áhrifum faraldsins og móta samstarf vegna hans. Þess má geta að við hefðbundnar aðstæður hittist stjórn að jafnaði 15 sinnum á ári.

Líkt og áður eru framundan frekari áskoranir og mikilvæg verkefni sem áfram kalla á samstarf sveitarfélaganna á vettvangi SSH. Á árinu 2020 var enn unnið að undirbúningi verkefna sem snúa að samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins. Eftirfylgni með Samgöngusáttmálanum var töluverð á árinu 2020 m.a. með aðkomu stjórnar SSH að frumvarpi um félagið, Betri Samgöngur ohf., sem stofnað var 2. október 2020. Undanfari stofnunar þess var meðal annars aðkoma SSH að samþykktum, hluthafasamkomulagi og skipun stjórnar hins nýja félags, en þrír aðilar frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu sitja í stjórn félagsins. Eftirfylgni með samgöngusáttmálanum verður áfram á vettvangi stjórnar SSH og ljóst að umfangið er með þeim hætti að það mun áfram taka rými í starfsemi samtakanna á næstu misserum.

Önnur stór verkefni hafa verið í undirbúningi á vettvangi SSH á árunum 2020 og 2021. Ber þar hæst uppbyggingu skíðasvæðanna, úrgangsmál og margþætt sóknaráætlunarverkefni. Gerð verður grein fyrir stöðu og gangi þessara verkefna í ársskýrslunni.

Þá er vert að benda á stór viðfangsefni á vettvangi byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs., annars vegar aðlögun á rekstri og leiðakerfi Strætó bs. að þeim breytingum sem verða á komandi árum með tilkomu Borgarlínunnar, og hins vegar þær breytingar sem framundan eru við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Frá árinu 2013 hefur SSH unnið að verkefnum sem tengjast „sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins“ undir hatti sóknaráætlana landshlutanna og notið til þess sérstakra fjárveitinga úr ríkissjóði. Þessi verkefni, sem gerð er sérstök grein fyrir í skýrslunni eiga sér beina skírskotun í þá framtíðarsýn og leiðarljós sem sett hafa verið m.a. fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Á haustmánuðum 2019 var unnið að gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir árin 2020-2024 og undirritaður samningur um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við ríkið fyrir sama tímabil. Ný sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið var síðan samþykkt 6. mars 2020 og hefur verið unnið eftir henni frá þeim tíma.

Mikilvægt er að SSH beini kröftum sínum enn betur og í meira mæli með beinni og markvissari hagsmunagæslu út á við og hafi frumkvæði að samtali og samskiptum við löggjafar- og framkvæmdavald ríkisins um augljósa hagsmuni

sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Mikið verk er framundan er varðar sameiginleg verkefni SSH og því mikilvægt að styrkja samtökin enn frekar til verka.

Kópavogi 12. nóvember 2021.

f.h. stjórnar SSH

Gunnar Einarsson

formaður stjórnar SSH



Úr myndasafni Garðabæjar

SSH

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð í Hlégarði, Mosfellshreppi í apríl 1976 og urðu þau því 45 ára á árinu.

Upphaflegur tilgangur að stofnun samtakanna var að móta formlegan vettvang til sameiginlegrar umræðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál.

Sjö árum eftir stofnun þeirra fengu samtökin formlega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa síðan starfað á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Markmið samtakanna er:

„að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og vera sameiginlegur málsvari þeirra.

að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.

SSH skal hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem líkleg eru til að stuðla að framgangi ofangreindra markmiða. Með sama hætti skal SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innanlands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.

SSH skal standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

SSH er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra byggðasamlaga sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, og sama gildir um önnur hliðstæð verkefni á vegum aðildarsveitarfélaganna s.s. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Nánar verði kveðið á um hlutverk stjórnar SSH og fulltrúaráðs SSH í eigendastefnu byggðasamlaganna.“



Úr myndasafni Mosfellsbæjar

45 ár – þrískipt tilvera

Á þeim 45 árum sem liðin eru frá stofnun SSH hafa starf samtakanna, stjórnun, áherslur og verkefni tekið breytingum í samræmi við þær þarfir, viðhorf og sjónarmið sem verið hafa uppi á hverjum tíma um samstarf sveitarfélaganna.

1976 - 1988

Skipulagsmál og tengd viðfangsefni, umferðar- og samgöngumál, holræsamál, rekstur Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins, gerð fyrsta svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið. Fulltrúakjörin stjórn og sérstök stjórn yfir Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið var staðfest og gefið út 1986 og í kjölfar þess var tekin ákvörðun um að leggja starfsemi skipulagsstofunnar niður og móta nýjar áherslur fyrir samstarfið.

1988 - 2002

„Hefðbundin“ starfsemi landshlutasamtaka með 11-12 manna fulltrúakjörinni stjórn – hagsmunagæsla út á við (umfjöllun og umsagnir um lagafrumvörp), breið flóra samstarfsverkefna, málþing, Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, höfuðborgargirðing, stofnun Almenningsvagna bs., eyðing vargfugls, ferðaþjónusta fatlaðra, ný vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið o.fl. Þessu tímabili lauk með fjárhagslegum þrengingum, einkum vegna ferðaþjónustu fatlaðra og nauðsyn á fjárhagslegri endurskipulagningu ásamt stefnumótun og framtíðarsýn á fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna á vettvangi SSH. Samhliða var Strætó bs. falið að annast rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk innan Reykjavíkur.

2002 -

Tímabilinu frá 2002 til dagsins í dag má skipta í tvennt. Eftir þá rekstrarörðugleika sem upp komu í lok síðustu aldar og tiltekna tilvistarkreppu sem komin var í samstarf á grundvelli þáverandi fyrirkomulags var mótuð gjörbreytt áhersla, framkvæmdastjórn sveitarfélaganna mynduðu stjórn samtakanna og megináhersla var lögð á innri málefni sveitarfélaganna. Fyrri hluti tímabilsins einkenndist mjög af þeim skorðum sem setja þurfti starfseminni meðan unnið var að fjárhagslegri endurreisn og þeirri staðreynd að vaxandi góðæri fram til ársins 2008 dró úr vilja til samstarfs sveitarfélaganna.

Síðari hluti þessa tímabils, frá 2008 til dagsins í dag hefur einkenst af öflugu samstarfi og samvinnu sveitarfélaganna sem hófst með vinnu á vettvangi SSH að samstilltum viðbrögðum við afleiðingum efnahagshruns 2008. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2010 var ákveðið að blása til sóknar og leita allra leiða til af ná fram betri árangri í rekstri sveitarfélaganna með auknu samstarfi og samvinnu. Upphaf þeirrar vegferðar var Hugmyndasmiðja SSH á árinu 2011. Í kjölfarið fylgdi aukinn áhugi og skilningur á mikilvægi samstarfs sveitarfélaganna sem m.a. leiddi til aukinna verkefna og viðfangsefna á vettvangi SSH.

Starfsemi SSH í dag endurspeglar þau viðhorf um samstarf og samvinnu sem vöknudú í þessari vegferð.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

Stjórn, fulltrúaráð, starfsfólk

Stjórn SSH:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður stjórnar 2020-2022
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.
Karl M. Kristjánsson, oddviti Kjósarhrepps.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Fulltrúaráð SSH:

Garðabær

Almar Guðmundsson	Jóna Sæmundsdóttir
Sara Dögg Svanhildardóttir	Sigríður Hulda Jónsdóttir

Hafnarfjarðarkaupstaður

Ágúst Bjarni Garðarsson	Friðþjófur Helgi Karlsson
Kristín María Thoroddsen	Ólafur Ingi Tómasson
Sigurður Þ. Ragnarsson	

Kjósarhreppur

Guðný G. Ívarsdóttir	Þórarinn Jónsson
----------------------	------------------

Kópavogsbær

Bergljót Kristinsdóttir	Birkir Jón Jónsson
Einar Örn Þorvarðarson	Guðmundur G. Geirdal
Margrét Friðriksdóttir	

Mosfellsbær

Ásgeir Sveinsson	Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Sveinn Óskar Sigurðsson	Valdimar Birgisson
Anna Sigríður Guðnadóttir, áheyrnarfullt.	Bjarki Bjarnason, áheyrnarfullt.
Stefán Ómar Jónsson, áheyrnarfullt.	

Reykjavíkurborg

Dóra Björt Guðjónsdóttir	Eyþór Laxdal Arnalds
Heiða Björg Hilmisdóttir	Hildur Björnsdóttir
Líf Magneudóttir	Pawel Bartoszek
Skúli Þór Helgason	Valgerður Sigurðardóttir
Vigdís Hauksdóttir	

Seltjarnarnesbær

Guðmundur Ari Sigurjónsson	Magnús Örn Guðmundsson
----------------------------	------------------------

Skrifstofa SSH, starfsfólk:

Páll Björgvin Guðmundsson, frá apríl 2019, framkvæmdastjóri.
Hildigunnur Hafsteinsdóttir, frá mars 2020, lögfræðingur.
Jón Kjartan Ágústsson, frá janúar 2020, svæðisskipulagsstjóri.
Sandra Björgvinsdóttir frá nóvember 2014, skrifstofuumsjón.

Rekstur SSH

Rekstur SSH er fjármagnaður með tvennum hætti:

- a) Með árlegu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem leggur hverjum landshlutasamtökum sveitarfélaga til árlegt framlag sem ætlað er til að standa undir kostnaði við tiltekna kjarnastarfsemi. Árlegt framlag Jöfnunarsjóðs er nú um 53% af ráðstöfunartekjum SSH en var áður í kringum 70%.
- b) Með árgjaldi frá aðildarsveitarfélögunum sem ákvarðað er á aðalfundi samtakanna ár hvert. Á árinu 2020 var árgjaldið 116 kr. á hvern íbúa.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er vistað hjá SSH skv. samningi aðildarsveitarfélaganna þar um. Sveitarfélögin greiða sérstaklega kostnað vegna þessa, þ.e. laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar, hlutdeild í rekstri skrifstofu SSH auk sérgreinds verkefnaframlags vegna tilfallandi verkefna sem tengjast rekstri svæðisskipulagsins.

SSH hafa að auki verið falin verkefnaleg og fjárhagsleg umsjón margvíslegra verkefna sem ekki rúmast innan hefðbundinna verkefna þeirra. Í þeim tilfellum innheimta SSH sérstaklega kostnað vegna slíkra verkefna hjá aðildarsveitarfélögunum.

Þá hélt skrifstofa SSH á árunum 2019 og 2020 utan um fjármál Samgöngusáttmálans að því er laut að framlögum sveitarfélaganna sem og fjármálalegri umsýslu undirbúnings Borgarlínunnar.

Á árinu 2021 hefur markvisst verið unnið að eflingu og styrkingu upplýsingakerfa SSH. Tekið hefur verið í notkun ONE fundakerfi og gagnagátt þar sem fundaskjöl eru aðgengileg viðkomandi aðilum með rafrænum hætti. Markmiðið er fyrst og fremst að bæta aðgengi og öryggi gagna til mikilla muna. Frá árinu 2015 hafa öll mál verið skráð í rafræna málaskrá til að tryggja utanumhald og rekjanleika. Ný heimasíða SSH verður til á árinu 2022 en undirbúningur og þarfagreining vegna hennar hefur staðið yfir á árinu 2021.

Fundaaðstaða SSH stendur opin fyrir alla þá verkefna- og starfshópa sem vinna að sameiginlegum verkefnum á vegum sveitarfélaganna en eðli máls samkvæmt hefur nýting hennar verið minni en ella á tímum heimsfaraldurs Covid-19.



Úr myndasafni Hafnarfjarðarkaupstaðar

Tafla 1: Rekstur kjarnastarfsemi SSH 2015 – 2021

	Ársreikn 2015	Ársreikn 2016	Ársreikn 2017	Ársreikn 2018	Ársreikn 2019	Ársreikn 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur:							
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	-8.451	-8.545	-9.760	-11.124	-15.976	-24.469	-26.916
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	-25.192	-27.537	-30.626	-32.636	-33.345	-32.984	-33.500
Aðrar tekjur	-1.639	-1.639	-2.435	-2.721	-2.721	0	-2.700
	-35.282	-37.721	-42.821	-46.481	-52.042	-57.453	-63.116
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	20.080	25.099	24.120	26.258	31.420	39.468	46.541
Húsnæðis kostnaður	4.778	4.788	4.923	6.116	9.015	4.815	7.046
Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. ofl.	9.235	8.156	9.328	9.857	10.605	7.873	14.143
	34.093	38.043	38.371	42.231	51.040	52.156	67.730
Hlutdeild sv.sk.lags /sóknaráætlunar	-6.000	-6.000	-6.000	-7.000	-7.000	-5.000	-5.000
Nettó rekstur skrifstofu	28.093	32.043	32.371	35.231	44.040	47.156	62.730
Niðurstaða f. verkefnakostnað	-7.189	-5.678	-10.450	-11.250	-8.002	-10.297	-386
Verkefnakostnaður	4.946	6.434	8.845	8.026	7.634	11.614	15.500
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-2.243	756	-1.605	-3.224	-368	1.317	15.114
Fjármagnsliðir:	-220	-421	-889	-562	-1.908	-528	-350
Niðurstaða tímabilsins	-2.463	335	-2.494	-3.786	-2.276	789	14.764

Tafla 2: Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2020

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Samgöngu- sáttmálinn	Þjónusta vö fatlað fólk	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Borgarlína	Vatnsvernd	Stjórnsýsla	Önnur verkefni	Samtals 2020
Innheimt vegna verkefna											
Hlutdeild ríkissjóðs		19.923.057									19.923.057
Verkefnafé sveitarfélaga	22.443.832		1.580.337.414								1.602.781.246
Rekstrarframlag sveitarfélaga	5.500.000			923.010				13.245.409	3.217.918		22.886.337
Verkefnafé Borgarlínu							459.614.179				459.614.179
Vegagerðin v. samgöngumála						900.000.000					900.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs	13.214.300										13.214.300
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs)	(7.435.896)						(22.448.720)				(29.884.616)
	33.722.236	19.923.057	1.580.337.414	923.010	0	900.000.000	437.165.459	13.245.409	3.217.918	0	2.988.534.503
Kostnaður vegna verkefna											
Laun og tengd gjöld	16.244.751										16.244.751
Annar rekstrarkostnaður	5.658.970	2.070.922	167.160								7.897.052
Verkefniskostnaður	11.818.515	18.693.793		923.010	3.444.973	900.000.000	437.165.459	13.245.409	10.217.918	160.340	1.395.669.417
Verkefnafé til Borgarlínu og Vegagerðar			1.580.337.414								1.580.337.414
Hlutdeild Borgarlínu	0										0
	33.722.236	20.764.715	1.580.504.574	923.010	3.444.973	900.000.000	437.165.459	13.245.409	10.217.918	160.340	3.000.148.634
Verkefnakostnaður SSH	0	841.658	167.160	0	3.444.973	0	0	0	7.000.000	160.340	11.614.131

SSH hefur umsjón með margvíslegum verkefnum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi félagsins. Í töflu 2 er gerð grein fyrir þessum verkefnum, rekstri og fjármögnun þeirra.

Fjölbreytt verkefnaflóra - samantekt

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem SSH hefur annast á undanförunum sjö árum.

Skipulag og samgöngur

- Nýtt svæðisskipulag – ný vatnsvernd.
- Fjögurra ára þróunaráætlun.
- Efling almenningsamgangna – tíu ára tilraunaverkefni.
- Sviðsmyndagreining og undirbúningur vegna Borgarlínu.
- Byggðapróun og húsnæðismál.
- Gagnagrunnur vegna uppbyggingaráforma – lóðaframboð.
- Samstarf við ríkið vegna aðgerða í húsnæðismálum.
- Verkefni tengd framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins, leiðarljósum og markmiðum:
 - ☞ Þétting byggðar og aukin hlutdeild almenningsamgangna.
 - ☞ Aukin samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins „Location Reykjavík Capital Area“.
 - ☞ Tölfræði höfuðborgarsvæðisins – Gagnagrunnur SSH
- Undirbúningur og samningar við ríkið varðandi samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033.
- Eftirfylgni með Samgöngusáttmálanum og aðkoma að undirbúningi stofnunar félagsins Betri Samgöngur ohf.
- Utanumhald og fjársýsla með Samgöngusáttmála og undirbúningi Borgarlínu á árunum 2019 og 2020.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

- Mótun og úrvinnsla sóknaráætlunarverkefna á grundvelli fjárveitingar 2013 og 2014.
- Mótun heildaráætlunar og stefnumiða sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2019. Mótun og framkvæmd sérgreindra verkefna sem byggð eru á framtíðarsýn og leiðarljósum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.
- Á haustmánuðum 2019 var hafin vinna við gerð nýrrar Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins samhliða því að undirritaður var samningur við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir árin 2020-2024.
- Ný sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins var samþykkt 6. mars 2020 og áhersluverkefni sóknaáætlunar 7. apríl 2020.
- Á árunum 2020 og 2021 var unnið að ýmsum áhersluverkefnum til þess að ná fram stefnumarkmiðum sóknaráætlunarinnar.

Rekstur byggðasamлага og skíðasvæða

Byggðasamlögin:

- Virkjun eigendastefnu og eigendavettvangs Strætó bs. og SORPU bs.
- Rekstrarúttekt byggðasamlaganna.
- Undirbúningur gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs.
- Verkefni sett á laggirnar er snúa að úrgangsmálum höfuðborgarsvæðisins.
 - ☞ Samstarf sorpsamlaganna og sameiginleg svæðisáætlun.
 - ☞ Nýr urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang.
 - ☞ Minnkun á myndun úrgangs og minnkun fótspors.

Unnin var úttekt og skýrsla fyrir SSH varðandiskipulag og stjórnarhætti byggðasamlaganna. Verkefnið er nú í áframhaldandi vinnslu og er nánari grein gerð fyrir því í sérstökum kafla um byggðasamlögin.

Rekstur skíðasvæðanna:

- Nýr samstarfssamningur um rekstur skíðasvæðanna, nýtt stjórnar- og rekstrarfyrirkomulag.
- Undirbúningur að ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag, staðsetningu og uppbyggingu snjóframleiðslu og styrkingu á innviðum skíðasvæðanna.
- Unnið að verkefninu á árunum 2018-2021 en nánari grein er gerð fyrir því verkefni í sérstökum kafla um Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks

- Nýr samningur um samstarf sveitarfélaganna um rekstur á ferðapjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs.
- Endurnýjun á samkomulagi milli fjögurra sveitarfélaga innan SSH um áframhaldandi samstarf.
- Útboð á akstursþjónustunni fór síðan fram á árinu 2020.
- Eftirfylgni og rekstur á árinu 2021 en nánar er fjallað um ferðapjónustu fatlaðs fólks í sérstökum kafla.

Þverfaglegt samstarf: Samstarfshópar og nefndir

- Viðvarandi nefndir og samráðshópar.
- Tímabundnir verkefnahópar.



Úr myndasafni Hafnarfjarðarkaupstaðar

Framvinda frá 2014 – 2021

Skipulag, samgöngur og húsnæðismál

Gildandi svæðisskipulag: Höfuðborgarsvæðið 2040, sem var undirritað árið 2015 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru.

Verkefni tengd framfylgd svæðisskipulags hafa verið fyrirferðarmest í starfi SSH á liðnum árum. Þar ber hæst undirritun samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga árið 2019 um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og

almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára og stofnun Betri samgangna árið 2020 sem hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna Samgöngusáttmálans.

Fjöldi annarra verkefna hafa verið unnin á vettvangi SSH og tímalína á árunum 2014-2020 var sem hér segir:

2014

- Lokaferli við mótun á nýju svæðisskipulagi hófst á árinu 2012. Fullmótuð tillaga að nýju svæðisskipulagi var tilbúin skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningar 2014, en talið rétt að bíða með fullnaðarafgreiðslu og staðfestingu hennar fram yfir kosningar.
- Unnið að uppbyggingargrunni fyrir umferðarspár nýs svæðisskipulags

2015

- Nýtt svæðisskipulag, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ staðfest og samhliða staðfest ný vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Tímamótasamningur við Vegagerðina um samstarf vegna þróunar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við nýtt svæðisskipulag.
- Vinnustofa með Jarrett Walker, bandarískum sérfræðingi í almenningsamgöngum.
- Fyrsta fjögurra ára þróunaráætlun unnin. Mat lagt á stöðu húsnæðismarkaðarins og þörf á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis m.t.t. spáa um fjölgun íbúa.
- Þróunarvinna með Þjóðskrá um úrvinnslu gagna og framsetningu á kortagrunni.

2016

- Sérstakur fundur um almenningsamgöngur í maí – upptaktur fyrir undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu, nýs hágæða almenningsamgangnakerfis fyrir höfuðborgarsvæðið. Leitað til erlendra ráðgjafa til að vinna að nauðsynlegum greiningum og mótun legu línunnar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- Kynnisferð til Evrópu og Ameríku í september.
- Tímabundin ráðning verkefnisstjóra.
- Samkomulag sveitarfélaganna á aðalfundi í byrjun desember um undirbúning að innleiðingu Borgarlínunnar í svæðisskipulag.
- Sérstakur tölfraeðivefur settur upp á heimasíðu SSH.
- Mannfjöldaspá Þróunaráætlunar endurnýjuð m.t.t. uppfærslu spáa Hagstofunnar.

2017

- Samkomulag við SRN um heildarúttekt á samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu sem fyrsta upplegg í viðræðum við ríkið um formlega aðkomu að uppbyggingu Borgarlínunnar.
- Nýtt mat á stöðu húsnæðismarkaðarins.
- Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna innleiðingar á Borgarlínu í skipulagi sveitarfélaganna samþykkt af aðildarsveitarfélögunum.
- Þátttaka í vinnu velferðaráðuneytisins að mótun húsnæðissáttmála.
- Þátttaka í framfylgd verkefna húsnæðissáttmála.

2018

- Viljayfirlýsing milli samgönguráðherra og sveitarfélaganna um að útfæra tillögur um fyrsta áfanga Borgarlínu í samgönguáætlun og þátttaka í sérstökum viðræðuhópi í framhaldinu. Þann 21. september 2018 var undirrituð viljayfirlýsing um viðræður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu milli íslenska ríkisins og SSH. Með þessari viljayfirlýsingu var lýst yfir vilja til þess að hefja viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið þeirra var að ná samkomulagi um fjármagnaða áætlun um fjárfestingar í stofnvegum og kerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við fyrirbyggjandi sameiginlegar tillögur frá febrúar 2018. Samkomulagið yrði hluti langtímaáætlunar ríkisins í samgöngumálum til ársins 2033, fjármálaáætlunar 2020-2024 og fjárfestingaáætlana sveitarfélaganna með fyrirvara um samþykkið Alþingis og viðkomandi sveitarstjórna. Stefnit skyldi að sjálfbæru, kolefnishlutlausu borgarsamfélagi og öflugri almenningsamgöngum í takt við loftlagsáætlun stjórnvalda og áherslur sveitarfélaganna.

Hluti af viljayfirlýsingunni var að stofnaður yrði verkefnahópur undir forystu Hreins Haraldssonar fyrrverandi vegamálastjóra til þess að leiða viðræðurnar með aðilum frá ríki og sveitarfélögum.

Verkefnahópurinn skilaði skýrslu 19. nóvember 2018 með tillögum að heildstæðum samgönguframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og hélt stjórn SSH fund með öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna 30. nóvember 2018.

- Samningur við Þjóðskrá um sítengingu við gagnagrunn húsnæðismála, unnið að uppfærslu tölfræðivefs í kjölfarið.

2019

- Þann 14. júní 2019 undirrituðu Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning á lagningu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlína). Markmið samkomulagsins var að skilgreina aðkomu sveitarfélaganna að samstarfi við ríkið um nauðsynlegan tæknilega og fjárhagslegan undirbúning vegna lagningar Borgarlínu. Gert var ráð fyrir að á árunum 2019 og 2020 yrði varið allt að 1600 millj. kr. í nauðsynlega undirbúningsvinnu, þ.e. forhönnun, skipulagsvinnu og gerð útboðsgagna vegna fyrsta áfanga verkefnisins. Samhliða var gerður samningur milli Vegagerðarinnar og SSH um samstarf við tæknilegan undirbúning fyrstu borgarlínuframkvæmdanna á höfuðborgarsvæðinu. Í samningnum var SSH falið að annast verkefnalega og fjárhagslega umsjón verkefnisins, leggja til starfsaðstöðu og nauðsynlega stoðþjónustu við fjársýslu, bókhald og skjalavistun. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaganna frá 26. september 2019 sem fjallað er um hér á eftir, eru framlög samningsins fjármögnuð. VSÓ vann skýrslu fyrir SSH varðandi umfang atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, þ.á.m. óbyggt atvinnuhúsnæði í samþykktu skipulagi. Lagt mat á framtíðarþörf atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.
- Þann 12. apríl 2019 skipuðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra stýrihóp um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033. Stýrihópnum var falið að móta tillögur til ríkisstjórnar og sveitarfélaga á svæðinu um næstu skref í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og fjármögnun þeirra. Viðræðurnar fóru fram í umboði þriggja ráðherra, forsætisráðherra, efnahags- og fjármálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórnar SSH. Stýrihópurinn var skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur. Þá var skipaður starfshópur og í honum sátu einn fulltrúi frá hverju ráðuneyti og þrjú fulltrúar frá SSH.
- Samningaviðræður SSH við ríkið stóðu yfir meira og minna til 26. september 2019 en þann dag var undirritað samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins um skipulag og

fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15. ára, þ.e. til og með ársins 2033.

- Samkomulagið fór í umræðu og afgreiðslu hjá sveitarfélögunum á sama tíma og umræða um samkomulagið fór fram á Alþingi s.s. í samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.
- SSH hélt utan um fjárhagslega umsýslu undirbúnings Borgarlínu á árinu 2019 og 2020.

2020

- Leiðbeiningar um hönnun göngu- og hjólastíga gefnar út. Samstarfsverkefni SSH og Vegagerðar.
- Ný vefsja SSH opnuð á heimasíðu SSH. Tilgangur vefsjárinnar er að miðla kortum og tölfraeðiupplýsingum sem hafa svæðisbundið mikilvægi fyrir höfuðborgarsvæðið, ásamt því að veita upplýsingar um stöðu mála hverju sinni í málaflokkum á borð við samgöngur, skipulag og umhverfisvernd
- Niðurstöður ferðavenjukönnunar fyrir allt landið birtar. Samstarfsverkefni SSH, Vegagerðar og SRN.
- Eftirfylgni með samkomulaginu var töluverð á árinu 2020 m.a. með aðkomu stjórnar SSH að frumvarpi um félagið, Betri Samgöngur ohf., sem stofnað var 2. október 2020. Undanfari stofnunar þess var meðal annars aðkoma SSH að samþykktum, hluthafasamkomulagi og skipun stjórnar hins nýja félags.
- SSH hélt áfram utan um fjárhagslega umsýslu undirbúnings Borgarlínu á árinu og samgöngusáttmála.
- SSH kom að samningaviðræðum við ríkið vegna skilavega.
- 2. október 2020 stofnuðu ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborg-ar-svæðinu: Garðabær, Hafnar-fjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgöngu-innviða á höfuðborg-ar-svæðinu. Þetta nýja félag heitir Betri samgöngur ohf. og mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra, þar á meðal innviði almenningssamgangna.

2021

- Eftirfylgni samkomulagsins heldur áfram á vettvangi SSH.
- Ný þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 gefin út, þ.á.m. ný mannfjöldaspá, ný spá um fjölgun íbúðar- og atvinnuhúsnaðis, ný kort með uppbyggingarsvæðum yfir tímabilið og nýtt skapalón með samantekt á öllum skipulagsreitum á höfuðborgarsvæðinu með áætlun um hvenær uppbygging á skipulagsreitum lýkur.
- Kynning á frumdrögum fyrstu lotu Borgarlínu og útgáfa félagshagfræðigreiningar fyrir fyrstu lotu.
- SSH kom að samningaviðræðum sveitarfélaga við ríkið vegna skilavega.
- Áfangaskýrsla vegna reksturs almenningssamgangna þ.m.t. Borgarlínu gefin út.
- Opinn samráðsfundur um stöðu samgöngumála. Samstarf með SRN.

Á eftirfarandi heimasíðum er að finna yfirgripsmiklar upplýsingar um verkefni sem hafa verið nefnd hér að ofan:

- www.ssh.is/vefsja
- www.ssh.is/svaedisskipulag
- www.ssh.is/throunaraaetlun-2020-2024
- www.borgarlinan.is/
- www.betrisamgongur.is
- www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaetlun/ferdavenjukonnun-samgongurads-og-ssh/

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024

Þann 6. mars 2020 samþykkti stjórn SSH sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2020–2024. Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat höfuðborgarsvæðisins, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum.

Verkefnið er hluti af sóknaráætlun landshluta, sjá nánari umfjöllun hér en tekur jafnframt mið af þeirri stefnu og framtíðarsýn sem kemur fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040.

Við gerð sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020–2024 var ákveðið að leggja höfuðáherslu á þrjá meginflokka með þrettán undirflokkum. Þau eru:

1. Atvinna og nýsköpun

- 1.1. Stuðla að aukinni áherslu á iðn -, list- og verknám
- 1.2. Auka stuðning við nýsköpun og nýsköpunarfyrirtæki
- 1.3. Auka vægi stafrænnar stjórnsýslu og hagnýtingu stafrænnar tækni
- 1.4. Efla frekar svæðasamvinnu og samstarf á höfuðborgarsvæðinu

2. Umhverfis- og samgöngumál

- 2.1. Samhæfa og bæta meðferð úrgangs á höfuðborgarsvæðinu
- 2.2. Efla almenningssamgöngur og hraða orkuskiptum
- 2.3. Auka vægi græns skipulags höfuðborgarsvæðisins
- 2.4. Minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins
- 2.5. Efla fræðslu um loftslagsmál

3. Velferð og samfélag

- 3.1. Auka hamingju íbúa
- 3.2. Stuðla að bættri menntun og tómstundum barna
- 3.3. Auka heilsueflingu og forvarnir
- 3.4. Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og utanumhald

Hluti af framfylgd sóknaráætlunar er að vinna að ákveðnum áhersluverkefnum fyrir hvert ár yfir tímabilið. Áhersluverkefni eru samþykkt af stjórn SSH og stýrt af SSH í samstarfi við sérstaka ráðgjafa og/eða verkefnastjóra. Á heimasíðu SSH er að finna ítarlegar upplýsingar um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og verkefni sem unnin hafa verið undir hatti sóknaráætlunarinnar. Vefslóð www.ssh.is/soknaraaetlun.

Meginlínur í vinnu á vegum SSH við sóknaráætlunarverkefni frá árinu 2014 til 2021 hafa verið sem hér segir:

2014

- Talsverð verkefnavinna sem byggðist á fjármagni úr úthlutun ársins 2013.
- Takmörkuð fjármögnun 2014, og óvissa um framhald verkefnisins í kjölfar ríkisstjórnarskipta.

2015

- Sóknaráætlanir landshluta festar í sessi með fimm ára samningi í febrúar – loksins hægt að vinna verkefnaáætlunir sem taka til meira en eins árs í senn. Sterkari fókus í verkefnavali, fimm ára verkefnaáætlun sett fram, byggð á framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins og leiðarljósum í nýju svæðisskipulagi. Áhersla á verkefni tengd samgöngumálum og Borgarlínu, samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og gagnagrunni SSH.

2016

- Áfram unnið á sama grunni, meginþungi á samgöngumál og Borgarlínu.

2017

- Fjögur verkefni í vinnslu – lokaáfangi vegna Borgarlínu – markaðssetning höfuðborgarsvæðis, samstarf við Íslandsstofu og sérstakur samningur við SI vegna GERT verkefnisins.

2018

- Sex verkefni í vinnslu, 1) verklok vegna Borgarlínu – 2) markaðssetning höfuðborgarsvæðisins og samstarf við Íslandsstofu vegna markaðssetningar á líftækni, 3) samstarf við SI vegna GERT verkefnisins, 4) undirbúningur að innleiðingu velferðartækni í heimaþjónustu sveitarfélaganna, 5) „Smart Cities“ 6) þróun á tölfræði höfuðborgarsvæðisins.
- Heildarfjárhæð til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2018 var um 32,8 millj. kr, þar af var fjárveiting ríkissjóðs um 25,3 millj. króna.

2019

- Fimm verkefni voru í vinnslu á árinu 2019.
 - 1) Þróun á tölfræði höfuðborgarsvæðisins.
 - 2) Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur.
 - 3) Undirbúningur að innleiðingu velferðartækni í heimaþjónustu sveitarfélaganna.
 - 4) Sameiginleg sóknarfæri með Suðurnesjum.
 - 5) Samstarf við Samtök iðnaðarins vegna GERT verkefnisins.
- Heildarfjárhæð til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2019 var áætluð um 38 millj. kr, þar af var fjármögnun frá sóknaráætlun um 25,5 millj.kr. og mismunurinn frá utanaðkomandi aðilum og SSH.
- Nýr samningur og ný sóknaráætlun í vinnslu á haustmánuðum 2019. Ekki var unnið að sameiginlegum sóknarfærum með Suðurnesjum eins og áætlað var og var því fjármagni veitt til verkefnisins um höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkost.

2020

- Áhersluverkefni sóknaráætlunar 2020 voru samþykkt 7. apríl 2020 og voru þau eftirfarandi:

- a) Frumdrög að loftlagsstefnu.
- b) Samræming á úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu.
- c) Greining stöðu ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- d) Forvarnir á tímum Covid-19.
- e) Stafræn þjónusta.

Heildarfjárhæð til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2020 var áætluð um 30 millj.kr., þar af var fjármögnun frá sóknaráætlun 25 millj.kr. og mismunurinn frá utanaðkomandi aðilum og SSH.

2021

- Á árinu 2021 var unnið að eftirfarandi áhersluverkefnum sóknaráætlunar sem voru samþykkt á 519. stjórnarfundi SSH 01.02.2021
- Áhersluverkefni sóknaráætlunar 2020 voru samþykkt 7. apríl 2020 og voru þau eftirfarandi:
 - a) **Mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.** Tvíþætt verkefni sem hófst 2020 með mælingu kolefnisfótspors svæðisins og lýkur með mótun sameiginlegrar loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið. Stefnt er að því að tillaga að stefnu verði kynnt fyrir sveitarfélögum í nóvember 2021.
 - b) **Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.** Verkefni sem felur í sér að framleiða eitt sameiginlegt kort af útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu, meta innviðþörf á útivistarsvæðum þar sem notkun er mikil og leggja fram tillögur að tækifærum til úrbóta til sveitarfélaganna.
 - c) **Ratsjain fyrir höfuðborgarsvæðið.** Samstarfsverkefni með Ferðamálasamtökum Íslands sem felur í sér fræðslu, ráðgjöf og námskeið fyrir atvinnurekendur í ferðaþjónustu.
 - d) **Forvarnir á tímum Covid-19.** Verkefnið miðar að því að styðja við faglegt fræðslu-og forvarnarstarf og upplýsa og aðstoða ungmenni á tímum Covid-19. Verkefnið er mótað og framkvæmt af fagaðilum á höfuðborgarsvæðinu sem vinna fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks.
 - e) **Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur.** Rekstur á vefsíðunni www.investinreykjavik.com þar sem boðið er upp á upplýsingar um höfuðborgarsvæðið sem fjárfestingarvalkost.

- f) **Bæta samstarf sveitarfélaganna um markmiðasetningu og utanumhald.** Verkefnið miðar að því að setja fram upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu s.s. í fjármálum, íbúabróun, íbúasamsetningu o.fl. með aðgengilegum hætti á vef SSH. Einnig að setja upp veflausn sem sýnir mælikvarða s.s. í sóknaráætlun og annarri samanburðarfærði.
- g) **Áfangastaða og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.** Hefja skoðun á fýsileika þess að stofna sérstaka áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið
- h) Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu. Framhald verkefnis frá 2020. Starfshópur tæknifólks frá sveitarfélögunum og Sorpu stefna að því að leggja fram tillögur að samræmdu kerfi úrgangsflokkunar til sveitarfélaganna í nóvember 2021.

Nánari upplýsingar um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins:

www.ssh.is/soknaraetlun

Ofangreind verkefni eru nú öll á vinnslustigi og ganga samkvæmt áætlunum þar um.

Tafla 2: Yfirlit yfir sóknaráætlunarverkefni á vegum SSH 2013-2020

Sóknaráætlun	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Samtals
Verkefni:									
Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins	1.322	8.466							9.788
Nýsköpun	7.959	7.406							15.365
Skattalegt umhverfi	763	1.981							2.744
Framtíð samgangna	10.055	215							10.270
Ferðaþjónusta	1.833	3.290							5.123
Skapandi greinar og græna hagkerfið	1.695	2.284							3.979
Vísindagarðar og þekkingargreinar	775	2.089							2.864
Lítil og meðalstór fyrirtæki	2.006	1.724							3.730
Vörumerkið Reykjavík og markaðssetning	1.983	5.881							7.864
Gæði skólastarfs ofl	9.581	7.330							16.911
Borgarlína	-	3.563	13.681	17.586	30.900	6.720	616		73.066
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	-	-	3.127	6.521	3.740	1.427	4.677	727	20.219
Markaðssetning gagnvert erlendum fjárfestum	-	-	3.117	9.580	11.173	10.229	5.004	4.121	43.224
GERT -Aukin þekking á tækninámi i grunnskólum					2.000	2.000	2.000		6.000
Velferðatækni						8.442	10.320	1.808	20.570
Smart cities						1.765	-		1.765
Ferðaþjónusta nýsköpunarverkefni								3.269	3.269
Forvarnir á tímum Covid-19								3.200	3.200
Stafræn þjónusta								2.780	2.780
Meðhöndlun úrgangs á hbsv.								4.089	4.089
Frumdrög að lofstlagsstefnu hbsv.								980	980
Annar verkefnakostnaður	2.387	1.264	1.000	1.041	1.000	2.209	2.000	2.829	13.730
Heildarkostn.a v. sóknaráætl.verkefna	40.359	45.493	20.925	34.728	48.813	32.792	24.617	23.803	271.530
Fjármögnun:									
Framlög Ríkissjóðs	40.359	39.489	20.925	32.855	22.900	25.362	25.534	25.000	232.424
Framlög SSH og sveitarfélaganna	-	6.004	-	1.873	25.913	7.430	4.622	5.000	50.842
Ónotað verkefnafé							(5.539)	(6.197)	(11.736)
Samtals	40.359	45.493	20.925	34.728	48.813	32.792	24.617	23.803	271.530

Byggðasamlögin

Í kjölfar sérstakrar stjórnsýsluúttektar á árinu 2011 á stöðu byggðasamlaganna innan stjórnsýslu sveitarfélaganna var samþykkt sérstök eigendastefna á árinu 2013 fyrir byggðasamlögin Strætó bs. og SORPU bs., þar sem formlegur eigendavettvangur var skilgreindur. Handhafar eigendavalds eru þar tilgreindir og settar fram skilgreiningar á stöðu stjórnanna og framkvæmdastjóra byggðasamlaganna gagnvart eigendum. Samkvæmt samþykktri eigendastefnu er gert ráð fyrir að sameiginleg umræða eigenda um málefni þessara byggðasamlaga fari fram á eigendafundum sem á sitja handhafar eigendavalds byggðasamlaganna, stjórnir þeirra og framkvæmdastjórar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna eru handhafar eigendavalds og eigendavettvangurinn er vistaður hjá SSH. Ekki hefur verið mótuð eigendastefna né eigendavettvangur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Frá því þetta fyrirkomulag tók gildi hafa á vettvangi SSH árlega verið haldnir reglulegir eigendafundir Strætó bs. og SORPU bs. að hausti vegna mótunar meginforsenda fjárhagsáætlana byggðasamlaganna. Að auki hafa verið haldnir tilfallandi eigendafundir vegna sértækra mála.

Vefslóð www.ssh.is/byggdasamlog.

2014

- Eigendastefna og eigendafundir byggðasamlaganna
 - ☞ Eigendavettvangur byggðasamlaganna, settur á laggirnar í kjölfar stjórnsýsluúttektar 2012, staðfest af aðildarsveitarfélögunum á vormánuðum 2013.
 - ☞ Sérstakir eigendafundir haldnir í samræmi við ákvæði eigendastefnunnar, reglubundnir fundir að hausti vegna fjárhagsáætlana, tilfallandi fundir þess á milli.
- Rekstrarúttekt byggðasamlaganna
 - ☞ Tillaga frá stjórn SSH í nóvember 2014 til eigendavettvangs og stjórnanna byggðasamlaganna um að setja í gang úttekt á rekstri þeirra til að kanna allar leiðir til hagræðingar og skilvirkari þjónustu. Undirbúningur að skipun stýrihóps og vali á ráðgjafa til verksins.

2015

- Vinna við rekstrarúttekt hófst í febrúar, komin í gang af fullum þunga um mitt ár. Tafir á verkefninu vegna aðkomu ráðgjafans að flóknum úrlausnum vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Fyrstu niðurstöður og greiningar á mögulegum aðgerðum vegna Strætó bs. og SORPU bs. kynntar stýrihópi verkefnisins.

2016

- Áfram unnið við frekari greiningar - tillögur ráðgjafa móttast, fundað með stýrihópi verkefnisins, stjórn SSH, kynning fyrir stjórnnum byggðasamlaganna og lagt fyrir á eigendafundi byggðasamlaganna að rekstraráætlanir fyrir árið 2017 verði að endurspeglar og taka mið af fyrirbyggjandi tillögum ráðgjafa.

2017

- Sérstakir eigendafundir með stjórnnum byggðasamlaganna – mótaðar tillögur ráðgjafa yfirfarnar og stjórnnum og framkvæmdastjórum falið að setja fram tímasettar tillögur um innleiðingu aðgerða til að ná fram hagræðingu á grundvelli niðurstöðu ráðgjafa.

2018

- Talsverð vinna á árinu á vettvangi SSH vegna viðræðna um mögulegt samstarf fjögurra sorpsamlaga á suðvesturhorni landsins um samstarf og verkaskiptingu við meðhöndlun og förgun úrgangs. Meginþunginn var fólgin í viðræðum milli fulltrúa SORPU bs. og Sorpsamlags Suðurlands bs. (SOS) um möguleika á sameiginlegum losunarstað fyrir óvirkan úrgang á starfssvæði SOS. Sú lausn virtist ekki í sjónmáli og á meðan voru aðrar viðræður um samstarf sorpsamlaganna fjögurra í biðstöðu.

2019

- Á fundi eigendavettvangs 8. júlí 2019 samþykki eigendavettvangur að stofnaður yrði starfshópur sem falið yrði að vinna aðgerðaáætlun með heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu að leiðarljósi. Að verkefninu kæmi utanaðkomandi aðili til þess að vinna með og halda utan um vinnu starfshóps sem stofnaður yrði vegna málsins. Aðgerðaáætlunin skyldi liggja fyrir 1. október 2019 og skyldi kostnaður skiptast hlutfallslega á milli sveitarfélaganna skv. íbúafjölda. Mikilvægt væri í vinnu

starfshópsins að tengjast áætlunargerð annara opinberra aðila í umhverfismálum. Var framkvæmdastjóra SSH falið, í samráði við aðila máls, að vinna drög að erindisbréf vegna starfa hópsins og leggja fyrir eigendavettvang eins fljótt og kostur væri. Í hópinn voru tilnefndir Birkir Jón Jónsson og Líf Magneudóttir frá stjórn SORPU bs. og frá stjórn SSH, Rósa Guðbjartsdóttir og Haraldur Sverrisson. Með hópnum myndu starfa Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH. Áhersla verði lögð á samráð og samvinnu við stofnanir á vegum ríkisins er málefnið varðar.

- Á eigendafundi Sorpu bs. þann 7. október 2019 voru lagðar fram tillögur starfshópsins er varða vinnu við heildarlaun úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu. Tillögurnar að verkefnum voru í þremur liðum.
 - a) Samstarf sorpsamlaganna og sameiginleg svæðisáætlun. (Verkefni 1).
 - b) Nýr urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang (Verkefni 2).
 - c) Minnkun á myndun úrgangs og minnkun sótsþors (Verkefni 3).
- Unnið er núna að verkefni skv. tillögum starfshópsins. Verkefnastjóri er Páll Guðjónsson viðskiptafræðingur.

2020

- Talsverð vinna fór fram á eigendavettvangi SORPU bs. vegna verulega aukins kostnaðar við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi sem kallaði á endurskoðun fjárfestingaáætlana, aukið lánsfé og aukið stofnfé frá eigendum. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vann sérstaka greiningu á ástæðum kostnaðarhækkanna og stjórnsýslulegu ferli ákvarðana vegna byggingarinnar. Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu stóð yfir allt fram að gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2021-2024 og leiddi m.a. af sér verulegar breyttar áherslur í gjaldskrá samlagsins.
- Í apríl samþykkti eigendavettvangur SORPU bs. tíma- og aðgerðaráætlum um breytta meðhöndlun úrgangs og lágmörkun urðunar. Urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi verður alfarið hætt í árslok 2023 og með því minnkar urðun úrgangs úr 140 þ. tonnum 2019 í ca. 20 þ. tonn árlega eftir 2023. Á grundvelli þessarar áætlunar var í júní gengið frá viðauka við eigendasamkomulag vegna urðunar í Álfsnesi sem heimilar takmarkaða og tímabundna nýtingu urðunarstaðarinnar til ársloka 2023. Undirbúningur að innleiðingu nauðsynlega aðgerða til að ná þessum breytingum fram er nú í fullum gangi hjá byggðasamlaginu.
- Ný gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs., „GAJA“ var vígð á miðju ári og þá hófst tilraunaframleiðsla á metani og moltu úr lífrænum úrgangi. Stöðin fékk svo formlegt starfsleyfi í október og í lok þess mánaðar höfðu liðlega 1 þ. tonn af úrgangi verið meðhöndluð í stöðinni.
- Í starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2020 var ákveðið að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi (Strategía) var fengin til að vinna úttekt og skýrslu er varðar skipulag og stjórnunarhætti byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan var kynnt og tekin til umræðu hjá sveitarfélögunum í júní mánuði. Á haustmánuðum var unnin innleiðingaráætlun og byrjað er að skoða og greina verkefni byggðasamlaganna og stóð sú vinna yfir út árið 2020. Jafnframt var verkefnið kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á nokkrum kynningar- og fræðslufundum, en fjarfundir voru haldnir 27. mars 2020, 2. apríl 2020, 5. maí 2020, 8. maí 2020 og 11. desember 2020. Þá var verkefnið einnig kynnt fyrir þeim bæjarráðum sem þess óskuðu.

2021

Á 518. fundi sínum 18. janúar 2021 ákvað stjórn SSH að koma á fót starfshópi kjörinna fulltrúa til að vinna áfram að verkefninu en hópinn skipuðu 12 fulltrúar, tveir frá hverju sveitarfélagi. Hópurinn fundaði fimm sinnum í febrúar og mars og lagði tillögur sínar fyrir stjórn til umfjöllunar. Samkvæmt þeim var lagt til að stefnuráði byggðasamlaga yrði komið á fót og því falið að útfæra og móta tillögur að framtíðarsviðsmyndum og rekstrarfyrirkomulagi byggðasamlaganna. Stjórn samþykkti á fundi sínum 3. maí 2021 að stefnuráði yrði komið á fót samkvæmt tillögum hópsins og var skrifstofu SSH falið að vinna drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til að festa hlutverk stefnuráðs í sessi. Kynningarfundur fyrir kjörna fulltrúa var haldinn um málið hinn 7. maí 2021 þar sem

ferli verkefnisins og tillögur um framhald þess voru kynnt. Á fundi sínum 7. júní 2021 fól stjórn svo skrifstofu SSH að senda drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna auk þess sem óskað yrði eftir tilnefningum sveitarfélaganna í stefnuráð. Fór úrvinnsla þessa fram á vettvangi sveitarfélaganna, svo og kynningar fyrir þeim bæjarráðum sem þess óskuðu, fram á sumar og haustmánuðum. Fyrsti fundur nýskipaðs stefnuráðs er svo fyrirhugaður 22. nóvember nk.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

2017

- Nýr samstarfssamningur sveitarfélaganna mótaður, undirritaður í nóvember 2016. Helstu breytingar sem gerðar voru fólust í eftirfarandi þáttum:
 - ☞ Samstarfsnefnd skipuð í stað stjórnar skíðasvæðanna. Stjórnarsýsluleg staða nefndarinnar skilgreind og eigendavettvangur skíðasvæðanna kom inn sem nýr þáttur. Sömu aðilar og mynda stjórn SSH mynda jafnframt eigendavettvang skíðasvæðanna.
 - ☞ Breyting á rekstrarfyrirkomulagi og stjórnarsýslu skíðasvæðanna. Samkomulag um að ÍTR annist og beri ábyrgð á daglegum rekstri. Starfsfólk skíðasvæðanna heyrir undir sviðsstjóra ÍTR.
 - ☞ Verkefnahópur settur í gang til að undirbúa mótun stefnu um framtíðarstaðsetningu skíðasvæðanna og undirbúning að snjóframleiðslu. Lykilatriði að fyrir liggja endanlegt áhættumat vatnsverndar vegna reksturs skíðasvæðis í Bláfjöllum.

2018 og 2019

- Í byrjun árs lágu fyrir ítarlegar tillögur að framtíðarsýn á rekstur og uppbyggingu skíðasvæðanna til ársins 2030. Á sama tíma var settur kraftur í að móta nýtt deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum m.a. á grundvelli ítarlegs mati á samspili reksturs skíðasvæðisins og vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Þann 7. maí 2018 var skrifað undir samkomulag sveitarfélaganna um fjármögnun á fyrri hluta uppbyggingarinnar til ársins 2024. Áætlaður framkvæmdakostnaður við þann áfanga er um 3,6 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir endurnýjun þriggja stólalyfta í Bláfjöllum og einni lyftu í Skálafelli, auk búnaðar til snjóframleiðslu.
- Á grundvelli samkomulagsins var hafinn undirbúningur að útboði þeirra framkvæmda sem samningurinn tekur til.
- Deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum var þá á lokastigi og var það samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 25. september 2018 og auglýst í B deild stjórnartíðinda 16. nóvember 2019.

- Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á grundvelli deiliskipulagsins var talin ástæða til að kalla eftir mati Skipulagsstofnunar á því hvort þörf væri á sérstöku umhverfismati framkvæmda eða hvort umhverfismat deiliskipulagsins teldist nægjanlegt.
- Skipulagsstofnun tók málið til skoðunar og kallaði eftir viðhorfum lögbundinna umsagnaraðila 5. október 2018. Í ljósi innkominna athugasemda og umsagna óskuðu Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í desember 2018 eftir frestun á úrskurði Skipulagsstofnunar á meðan brugðist væri við framkomnum athugasemdum. Sú vinna leiddi til þess að afstaða umsagnaraðila breyttist en ferlið stóð frá 5. október 2018 til 26. apríl 2019.
- Niðurstaða Skipulagsstofnunar var á þá leið að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- 31. maí 2019 var ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við skíðasvæðið í Bláfjöllum kærð.
- Síðan á vormánuðum hefur málið þokast áfram og unnið hefur verið í þeim þáttum sem liggja til grundvallar því að framkvæmdir geti farið fram á svæðinu.
- Í fyrsta lagi eru það mótvægisáðgerðar vegna Bláfjallavegar og Bláfjallaleiðar, og tók það nokkurn tíma í umfjöllun sér í lagi vegna umræðu um lokun á hluta Bláfjallavegar fyrir umferð. Vegagerðin hefur lagt fram aðgerðaráætlun sem snúa m.a. að lokun syðri hluta Bláfjallavegar og suður undir hellinn Leiðarenda. Þá áætla Vegagerðin að setja upp vegrið og efni í vegfláa á völdum svæðum og lagt til lækun á hámarkshraða.
- Í öðru lagi að ná utan um og kostnaðarmeta tillögur að mótvægisáðgerðum vegna vatnsverndar sem m.a. felur í sér fjölgun á rannsóknarborholum og rýni á grunnvatnslíkani og tillögur að grunnvatnsrannsóknum.
- Staðan í dag er sú að fundað hefur verið með aðilum málsins og eru væntingar nú um að mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og vatnsverndar verði til þess að framkvæmdir geti farið af stað á árinu 2020.

2020

- Undirbúningur og leyfismál vegna framkvæmda á skíðasvæðunum var lokið fyrirpart árs 2020.
- Undirritað var viðaukasamkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er varðar framkvæmdir á skíðasvæðunum 6. mars 2020. Tvær nýjar skíðalyftur ásamt uppsetningu á snjóframleiðslubúnaði voru boðin út í júlí 2020. Tilboð voru opnuð 8. október en voru óaðgengileg þar sem þau voru umfram kostnaðaráætlanir. Var því ákveðið að hafna þeim öllum og verkefnahópi um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðunum falið að vinna málið áfram. Í kjölfarið voru spurningar sendar til tilboðsgjafa og svör við þeim greind í þeim tilgangi að skoða möguleika til hagræðingar. Uppfærð sviðsmynd og tillögur voru þá sendar sveitarfélögunum í lok árs ásamt nýjum viðauka við samkomulag sveitarfélaganna um uppbyggingu á svæðinu til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar. Var framangreint samþykkt á vettvangi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2021

- Hinn 1. mars var ákveðið að hefja samkeppnisútbod vegna nýrra skíðalyftna, Gosa og Drottningar, til samræmis við undangengna skoðun verkefnahópsins, fyrirbyggjandi útbodsgögn og viðauka við þau og uppfærða tíma- og kostnaðaráætlun sem sveitarfélögin höfðu samþykkt.
- Einnig var ákveðið að byggja upp frekari aðstöðu vegna gönguskíðaiðkunar á svæðinu, þ.e. með byggingu salernisaðstöðu á suðursvæði Bláfjalla. Leyfi forsætisráðuneytisins fyrir framkvæmdunum lá fyrir hinn 4. júlí, leyfi heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- Kópavogs og Garðabæjar hinn 24. ágúst og leyfi Umhverfisstofnunar 18. október. Samið var við lægstbjóðanda í verðkönnun vegna jarðvinnu og lagna og er vinna við það verk hafin, í október 2021. Hins vegar var, hinn 15. október, ákveðið að hafna öllum tilboðum í salernishúsið sem slíkt, en þau tilboð sem bárust voru ýmist ógild eða óaðgengileg, þ.e. yfir kostnaðaráætlun en leitað var ráðgjafar Ferils verkfræðistofu við gerð gagna og yfirferð tilboða. Verkefnahópnum var þá falið að vinna áfram að málinu og leita hagkvæmari lausnar. Stendur sú vinna yfir er þetta er skrifað, í lok október.
- Hinn 7. júní var samþykkt að taka tilboði lægstbjóðanda, Doppelmayr skíðalyftna ehf. í nýjar skíðalyftur, Gosa og Drottningu. Jafnframt var ráðinn verkefnastjóri, Einar Kristján Stefánsson VSÓ

ráðgjöf, með verkinu til að sinna m.a. samningsstjórnun vegna þess, og hefur hann fundað reglulega ásamt verkefnahópnum. Skrifað var undir samninga við Doppelmayr hinn 3. nóvember sl. en bindandi samningar um verkið komust á í júní. Við undirritun fór jafnframt fram kynning á framkvæmdunum, og var verkefnahópnum, samstarfsnefnd skíðasvæðanna og forsvarsmönnum helstu hagsmunaaðila á Bláfjallasvæðinu boðið að vera viðstödd.



Úr myndasafni Kópavogsbæjar

Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Í tengslum við „Hugmyndasmiðju SSH“ í apríl 2011 var ákveðið að skoða möguleika á auknu samstarfi sveitarfélaganna við rekstur ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Sérstakur verkefnahópur skilaði tillögu með mati á mögulegri hagræðingu og styrkingu þjónustunnar með sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna á þessari þjónustu.

Í kjölfarið samþykktu sveitarfélögin að setja í gang undirbúning að sameiginlegu útboði þjónustunnar og mótun sameiginlegra reglna. Sérstakur undirbúningshópur vann að þessu verkefni á árunum 2012 og 2014. Á síðustu stigum þessa undirbúningsferlis var ákveðið að fela Strætó bs. umsjón og umsýslu með verkefninu undir stjórnarsýslulegri ábyrgð velferðarsviða sveitarfélaganna. Strætó bs. mundi annast reksturs sameiginlegs þjónustuborðs og bjóða út allan akstur. Allar ákvarðanir um þjónustuskilgreiningar gagnvart notendum yrðu unnar á vettvangi velferðarsviðanna.

2014

- Nýtt samkomulag sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk undirritað í apríl. Ábyrgð verkefnisins falið forstöðumönnum velferðarsviða, en Strætó bs. falið að annast rekstur þjónustuvers og bjóða út akstur í samræmi við þjónustuskilgreiningar velferðarsviða sveitarfélaganna og lög um málefni fatlaðs fólks.

2015

- Akstur á vegum Strætó bs. og verktaka hófst 1. janúar. Umtalsverðir byrjunarörðugleikar og vandamál komu upp og ljóst að talsvert skorti á samstillingu aðila áður en verkefnið fór af stað. Unnið var allt árið við að takast á við vandamálin, m.a. undir hatti sérstakrar tímabundinnar stjórnar og málefni ferðapjónustunnar voru talsvert inni á borði stjórnar SSH allt það ár.

2016

- Nokkuð góð festa var komin á málið um mitt ár. Gengið var frá skýrri skilgreiningu á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu milli velferðarsviða annars vegar og Strætó bs. hins vegar. Talsverð vinna ráðgjafa við að yfirfara skráningar en ljóst að kostnaður við verkefnið var nokkuð meiri en ráð var fyrir gert og dreifing kostnaðar milli sveitarfélaga að einhverju marki með öðrum hætti en vænst hafði verið.

2017

- Tiltækin vandamál komu upp hjá hluta akstursaðila. Vísbending um að þörf sé á að fara strax að skoða ítarlega reynslu af verkefninu og móta hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi þjónustunnar þegar kemur að nýju útboði við lok núverandi samningstíma við verktaka.

2018

- Undirbúningur hafinn að ákvarðanatöku sveitarfélaganna um áframhald samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk þegar núverandi akstursamninga við verktaka renna út í árslok 2019. Greining á allri tölfræði verkefnisins unnin og farið yfir reynslu liðinna ára. Mat lagt á hvernig hægt er að ná meiri skilvirkni og hagkvæmni við framkvæmd verkefnisins. Niðurstöður þeirra vinnu og tillögur um framhald máls voru sendar aðildarsveitarfélögum í byrjun nóvember og stefnt að því að afstaða sveitarfélaganna til áframhaldandi samstarfs liggja fyrir á þessu ári.

2019

- Á árinu 2019 var áfram unnið að undirbúningi áframhaldandi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Í apríl mánuði 2019 varð ljóst að Hafnarfjarðarbær mundi ekki vera hluti af samstarfinu áfram og þá bauð Kópavogsbær út þjónustuna á haustmánuðum 2019 fyrir sitt sveitarfélag. Var aksturssamningi við núverandi akstursverktaka framlengdur fram á mitt ár 2020. Sveitarfélögin fjögur, Reykjavíkurborg, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbæ ákváðu að standa saman að ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og stendur núna yfir yfirferð á fyrirkomulagi þjónustunnar og stefnt að nýju útboði í ársbyrjun 2020.

2020

- Þjónustan var boðin út í maímánuði 2020 og á grundvelli þess útboðs var gengið til samninga við Hópbíla ehf. um þjónustuna fyrir sveitarfélögin fjögur, Reykjavíkurborg, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Samhliða var sett á laggirnar rekstrarstjórn þar sem fulltrúar sveitarfélaganna og Strætó bs. munu fylgja eftir þjónustu- og fjárhagslegum þáttum akstursþjónustunnar.

2021

- Eftirfylgni m.a. hjá nýrri rekstrarstjórn.



Úr myndasafni Kjósarhrepps

Kynningarfundir fyrir kjörna fulltrúa, þingmenn og starfsfólk

SSH stendur reglulega fyrir kynningar- og umræðufundum fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu, og eftir atvikum aðra aðila, eins og lykilstarfsfólk sveitarfélaganna í hlutaðeigandi málaflokkum og þingmenn höfuðborgarsvæðisins. Á fundunum eru þau málefni sem eru efst á baugi kynnt og tekin til umræðu. Fundirnir eru almennt í fjarfundaformi og stefnt er að því að hver fundur sé aðeins klukkustundar langur. Þessir fundir hafa verið vel sóttir og er almenn ánægja með þá, en síðan núverandi fyrirkomulag þeirra var tekið upp hafa verið haldnir fundir til kynningar á eftirfarandi:

2020

Byggðasamlögin

Haldnir voru kynningarfundir og vinnustofur vegna verkefnis um stjórnsýslu byggðasamlaganna sem nánar er fjallað um í sérstökum kafla um byggðasamlögin. Þá voru fjárhagsáætlanir Sorpu bs., Strætó bs., og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins kynntar sérstaklega.

Fjármál sveitarfélaganna

Örráðstefna um fjármál sveitarfélaga á tímum Covid-19.

Frumdrög Borgarlínu

Kynning á frumdrögum Borgarlínu haldin í samstarfi við Betri samgöngur ohf. og Vegagerðina.

Samgöngusáttmálinn

Kynningarfundur um stöðu og framgang verkefna Samgöngusáttmálans.

Skilavegir

Upplýsingafundur um stöðu samninga við ríkið vegna yfirfærslu skilavega.

2021

Áhersluverkefni sóknaráætlunar

Kynningarfundur um verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.

Samræming úrgangsflokkunar

Tveir kynningar- og umræðufundir um samræmingu úrgangsflokkunar og leiðina að hringrásarhagkerfinu voru haldnir á árinu.

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins

NPA samningar

Upplýsingafundur um innleiðingu NPA og stöðu mála.

Stafræn þjónusta sveitarfélaga

Kynningar- og umræðufundur um stafræna þjónustu sveitarfélaganna og sameiginleg verkefni þeirra hvað þetta varðar.

Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins

Kynningar- og umræðufundur um skýrslu Environice um kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins.

Tillögur starfshóps um stjórnýslu byggðasamlaganna

Kynning á tillögum starfshóps um áframhald verkefnis um stjórnýslu byggðasamlaganna, en nánar er fjallað um það verkefni í sérstökum kafla um byggðasamlögin.

Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Kynning á stöðu verkefnis um sameiginlega áfangastaða og markaðsstofu fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Staða barna með fjölþættan vanda

Kynning á skýrslu stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda.

Grænbók um samgöngumál

Sambætting þjónustu í þágu barna – farsældarlögin

Kynningar- og umræðufundur um ætluð áhrif af innleiðingu farsældarlaganna.

Rekstur almenningsamgangna – Áfangaskýrsla

Kynningar- og umræðufundur um nýja áfangaskýrslu um drög að rekstraráætlun nýs leiðanets, þ.m.t. Borgarlínu.

Byggðasamlögin

Kynningar á fjárhagsáætlunum Sorpu bs., Strætó bs., og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.



Úr myndasafni Seltjarnarnesbæjar

Samstarfs- og verkefnahópar

Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. einkennst af starfi ýmissa samstarfs- og verkefnahópa og nefnda sem unnið hafa á vettvangi SSH. Þessir hópar eru ýmist viðvarandi eða settir á laggirnar til að takast á við tímabundin verkefni.

Formlegar nefndir:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Svæðisskipulagsnefndin byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð tveim fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Skólamálanefnd SSH

Nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósarhreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

Viðvarandi samstarfshópar:

Samráðshópur velferðarmála
Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu
Fagráð svæðisskipulags

Tímabundnir samstarfs- / verkefnahópar:

Verkefnahópur vegna uppbyggingar skíðasvæðanna
Verkefnahópar vegna sóknaráætlunar.
Verkefnahópur vegna starfrænnar þróunar.



Úr myndasafni Garðabæjar